

Nd.

407. Nefndarálit

[118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið allrækilega og fengið umsögn um það frá landnámsstjóra, Pálma Einarssyni, sem mælir með samþykkt þess.

Öll nefndin mælir með því, að frumvarpið nái fram að ganga, en tveir nefndarmenn, þeir Helgi Bergs og Karl Guðjónsson, vilja líka samþykkja breytingartillögu Ásmundar Sigurðssonar á þingskjali 350. Munu þeir gefa út sérstakt nefndarálit um það.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki nauðsynlegt að samþykkja þessa breytingartillögu, því að nægilegt sé að fá fjárveitingu vegna málsins síðar, þegar reynslan sýnir, að þess verði þörf. Álit landnámsstjóra fylgir hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 6. maí 1960.

Jón Pálmason,
form., frsm.

Einar Sigurðsson,
fundaskr.

Benedikt Gröndal,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 2. maí 1960.

Samkvæmt beiðni hr. alþingismanns Jóns Pálmasonar, sem óskaði, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis fengi umsögn um mál nr. 118, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, á þingskjali 280, skal eftirfarandi tekið fram:

Það er staðreynd, eins og fram er tekið í greinargerð með frumvarpinu, að enn eru allmargar jarðir í landinu, sem eftir er að byggja upp á mannsæmandi íbúðir. Í mörgum tilfellum hefur á undanförnum árum verið unnið að aukinni ræktun á jörðum þessum og nokkurri lagfæringu peningshúsa með þeim stuðningi, sem þessar jarðir hafa notið samkvæmt 41. grein landnámslaga og nokkurri lánsþjálf frá ræktunarsjóði. Það er aftur á móti ekki annar stuðningur í sambandi við íbúðarhúsabyggingu á jörðum þessum en þau lán, sem veitt eru úr byggingarsjóði, sem nú eru hæst 75 þúsund á íbúðarhús á jörð. Þegar athugað er, hve byggingarkostnaður hefur hækkað á undanförnum árum og fer enn þá hækkanði, er ljóst, hverjir örðugleikar eru í sambandi við að koma upp íbúðarhúsum, sem nú verða ekki byggð undir 350 þúsund krónum, og er þó um mjög takmarkað húsrými að ræða, er fæst fyrir þetta verð.

Það skal tekið fram, að verði frumvarpið samþykkt, mundi það auðvelda nýbýlastjórn ríkisins að vinna gegn því, að jarðir fari í eyði. Hins vegar má gera ráð fyrir, að fé það, sem ætlað er til aukinnar ræktunar á jörðum með tún undir 10 ha, hrökkvi ekki til framtíðar til hvoru tveggja, fullnaðarframkvæmda á ræktunaráætluninni frá 1956 og til að taka upp þetta viðbótarverkefni. Þó að framkvæmanlegt yrði á yfirstandandi ári að gera báðum verkefnum skil, þá yrði síðar að taka upp viðaukaframlag, ef ákvæði frumvarpsins eiga að koma að fullu gagni.

Það skal að síðustu fram tekið, að ég tel það þýðingarmikið atriði, að vel sé verið á verði um að fyrirbyggja, að jarðir fari í eyði, sem komnar eru langt áleiðis að vera gerðar vel búrekstrarhæfar að ræktun og peningshúsum, en hafa ekki íbúðarhæfan húsakost, og með tilvísun til framanritaðs mæli ég með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.